

Atvinnu- og byggðaðpróun á landsbyggðinni

Landshlutasamtök sveitarfélaga (SSNE, SSNV, Austurbrú, SASS, SSS, SSV og Vestfjarðastofa) senda hér inn sameiginlega umsögn um mál 1, Fjárlög 2025. Ljóst er að í fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi er töluverður niðurskurður til málefna landshlutanna og verður hér sérstaklega fjallað um þann niðurskurð sem snýr að starfsemi á vegum landshlutasamtakanna.

Atvinnuráðgjöf

Atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni gegnir mikilvægu hlutverki í því að styrkja og styðja við staðbundin fyrirtæki, frumkvöðla og íbúa. Ráðgjöfin miðar að því að hjálpa fyrirtækjum að vaxa, þróa nýjar hugmyndir og aðlaga sig að breyttum markaðsaðstæðum. Hún er sérstaklega mikilvæg á dreifbýlli svæðum þar sem tengslanet og stuðningskerfi eru ekki jafn sterk og á höfuðborgarsvæðinu. Með því að skera niður framlög til atvinnuráðgjafar um 35 milljónir króna getur það skapað vandræði fyrir þau fyrirtæki og frumkvöðla sem eru að reyna að vaxa eða hefja rekstur á landsbyggðinni, sem leiðir til þess að störf skapast síður, og dregur úr fjárfestingum og fjölbreytni atvinnulífsins á þessum svæðum.

Við samþykkt fjárlaga fyrir 2024 tryggði fjárlaganefnd Alþingis hækkun framlaga til atvinnuráðgjafar um 35 m.kr. sem var mikilvægt skref í að koma til móts við verðlags- og launahækkanir síðustu ára. Var þó um að ræða 5 m.kr. lækkun frá framlögum ársins 2023. Tillaga fjárlagafrumvarps 2025 er enn á ný að draga þessa hækkun fjárlaganefndar til baka. Við skorum því á fjárlaganefnd að stíga inn í þessa óheillastöðu og draga þessa lækkun til baka og koma með aukningu til móts við verðlagspróun undanfarinna ára.

Sóknaráætlanir landshlutanna

Sóknaráætlanir landshlutanna eru lykilverkfæri í því að efla svæðisbundna þróun og styðja við innviði, atvinnulíf, menningu, umhverfismál og nýsköpun á landsbyggðinni. Þessar áætlanir gera hverjum landshluta kleift að móta sértækar aðgerðir í takt við staðbundin tækifæri og áskoranir, sem stuðlar að aukinni sjálfbærni og jafnvægi á milli svæða. Með því að draga úr framlögum um 125,9 milljónir króna er hætta á að mörg mikilvæg verkefni fái ekki þann stuðning sem þau þurfa til að ná fram að ganga. Þetta getur haft neikvæð áhrif á fjölbreytni atvinnulífs, nýsköpun og þjónustu við íbúa á svæðunum, sem aftur getur leitt til enn aukins ójafnvægis milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.


Undirbúningur að samningum um nýjar sóknaráætlanir fyrir tímabilið 2025-2029 er nú á lokametrunum, en núgildandi samningar renna út í lok árs. Á þessum tímamarki þegar verið er að samþykkja nýjar sóknaráætlanir ættu skilaboð stjórnvalda þvert á móti að vera í þá átt að efla sóknaráætlanir umtalsvert enda hefur árangurinn af þeim síðustu ár verið óumdeildur. Á grunni sóknaráætlunar hefur nú þegar verið hægt að hrinda í framkvæmd verkefnum þar sem sameiginlegir hagsmunir hvers landshluta fyrir sig eru hafðir að leiðarljósi og þar með valdefling nærsamfélagsins.

Samantekt

Sá niðurskurður til Sóknaráætlana landshlutanna og atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni sem birtist í frumvarpi fjármálaráðherra ógnar hreinlega mikilvægum þáttum byggðapróunar og sjálfbærrar atvinnusköpunar utan höfuðborgarsvæðisins. Því gerum við þá kröfu á fjárlaganefnd að tryggja áframhaldandi stuðning við þessi mikilvægu verkefni með því að draga þessa lækkun til baka og helst hækka framlögin frekar til samræmis við verðlagsþróun. Það er grundvallaratriði til að viðhalda fjölbreyttri búsetu, öflugu atvinnulífi og samfélagslegri virkni um allt land.

Virðingarfyllst,

f.h. landshlutasamtaka sveitarfélaga á landsbyggðinni,



Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Framkvæmdastjóri SSNE